



Samningur um stuðning við Opinn skóg undirritaður



Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands (t.v.) og Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, undirrita samninginn (Mynd: BJ).

Þann 28. júní var undirritaður samningur á milli Skógræktarfélags Íslands og Icelandair Group um stuðning til þriggja ára við verkefnið Opinn skóg, en það lýtur að uppbyggingu aðstöðu til útivistar á ræktunarsvæðum skógræktarfélaganna. Icelandair Group mun styrkja verkefnið um 4 milljónir króna á ári, eða alls 12 milljónir króna á tímabilinu. Nú þegar hafa verið opnaðir fimmtán skógar víðs vegar um land undir merkjum Opins skógar. Á svæðunum hefur verið komið fyrir útivistaraðstöðu, s.s. skógarstígum, merkingum og leiðbeiningum.

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, segir „Stuðningur Icelandair Group er mikilsverður og gerir

skógræktarfélaginu kleift að halda verkefninu áfram af fullum krafti og vinna að viðhaldi og uppbyggingu fleiri svæða. Markmiðið með samningnum er meðal annars að veita almenningi gott aðgengi að skógræktarsvæðunum, og miðla og kynna almenningi alhliða upplýsingar um tré og skóg.“

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir Skógræktarfélag Íslands hafa unnið ómetanlegt starf við uppbyggingu Íslands um áratugaskeið. „Með því að styrkja skógræktarstarf í landinu sýnum við þakklæti okkar í verki og stuðlum að því að almenningur og ferðamenn hafi greiðan aðgang að skógi á fjölmörgum stöðum um land allt.“

Að skynja skóginn



Nú í vor eignaðist ég hund. Þótt ég hafi umgengist hunda svo lengi sem ég man eftir mér (stór hluti af minningunum úr sveitinni hjá afa og ömmu sem barn lúta að honum Spora heitnum) er þetta í fyrsta sinn sem ég á hund sem ég umgengst og annast um alla daga.

Eitt af því sem fylgir hundaeign fyrir okkur þéttbýlisbúana eru gönguferðir með hundinn. Nú hafði ég farið í gönguferðir um hverfið mitt áður en hún Embla mín kom á heimilið, en eftir ferðir með henni hef ég tekið eftir ýmsu sem ég hafði ekki séð áður (ég er til dæmis með nokkuð vel kortlagt núna hvar kettir búa í hverfinu...). Hún Embla „horfir“ nefnilega allt öðruvísi í kringum sig heldur en ég geri. Staði sem ég gekk framhjá án þess að taka eftir þarf hún að skoða vel og vendilega með nefinu – einhverra hluta vegna þarf að þefa vendilega af einum runna, en runninn við hliðina ... nei, hann er ekkert spennandi.

Það sama gerist þegar við Embla fáum okkur gönguferð úti í skógi. Mín upplifun og upplifun Emblu eru svo greinilega mismunandi. Embla stoppar allt í einu og horfir út í skóginn og ég sé ekki neitt sem gæti verið ástæða til þess. Þar til allt í einu flýgur upp fugl sem ég hafði ekki séð, falinn bak við laufþykkni. Ég horfi upp eftir trjánum, upp í krónuna og himininn fyrir ofan. Embla er sífellt með nefið við jörðina og hefur engan áhuga á trjátoppunum, nema eitthvað kvikt sé í þeim. Mér finnst ágætt að ganga á

malarstíg – Embla vill miklu frekar hlaupa um í grasi. Lúpínubreiðan í skógræktarsvæðinu er að mínu mati leiðinleg yfirferðar, en Embla aftur á móti virðist elska að hlaupa inn í og um hana, þannig að aðeins sjáist haus og skott einstaka sinnum skjótast upp úr henni. Og þetta fær mig til að hugsa um, að þótt við förum um sama skóginn, erum við alls ekki að upplifa það sama, því svo mikið af upplifuninni er háð því hvaða skynfæri við notum og á hverju við höfum áhuga.

Sumir hafa mikinn áhuga á trjám – þeir skoða trjátægundirnar í skóginum, skoða börkinn, blöðin, horfa upp í krónuna. Aðrir hafa meiri áhuga á lágreistari íbúum skógarins – grösunum, blómunum, sveppunum og öllum hinum botngróðrinum. Sumir eru litlir krakkar og fyrir þá getur runni verið tré, á meðan sami runninn er bara runni fyrir þann fullorðna sem hefur hæðina til að sjá yfir hann. Sumir hafa áhuga á hinum fiðruðu íbúum skógarins – fuglunum – og sjá skóginn sem búsvæði fyrst og fremst. Sumir eru hraustir og geta gengið um skóginn allan, aðrir eru orðnir lúnari til fótanna og fara aðeins um lítinn hluta hans. Sumir sjá skóginn með augunum, aðrir nota nefið eða eyrun meira.

Í þessu ætla ég að læra af hundinum mínum. Næst þegar ég fer út í skóg ætla ég að reyna að upplifa skóginn á annan hátt en ég geri vanalega. Kannski opnast með því alveg ný sýn á hann.

Ragnhildur Freysteinsdóttir
ritstjóri

Laufblaðið

Fréttablað, 25. árgangur, 2. tölublað 2016.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2015:

Magnús Gunnarsson formaður
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Guðbrandur Brynjúlfsson
Páll Ingþór Kristinsson
Þuríður Yngvadóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Sigríður Heiðmundsdóttir
Laufey B. Hannesdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags
Íslands



Gróðursetning í Reykholti



Samvinna við gróðursetningu. Krakkarnir munduðu geispuna en afarnir og ömmurnar sáu um plönturnar (Mynd: RF).

Skógræktarfélag Borgarfjarðar hefur um nokkurra ára skeið tekið á móti hópum ferðamanna til gróðursetninga í svæðum félagsins. Er þar um nokkuð sérstakan hóp að ræða, en þetta eru Bandaríkjamenn og eru afar og ömmur á ferðalagi með barnabörnin. Kom einn slíkur hópur til gróðursetningar í Reykholti þann 29. júlí. Byrjaði hópurinn á að setja niður pottaplöntur af ýmsum tegundum, en hvert barn fékk úthlutað „sinni“ plöntu, sem þau geta svo vitjað þegar þau koma aftur í heim-sókn síðar. Því næst fengu krakkarnir, með aðstoð hinna fullorðnu, að spreyta sig á gróðursetningu bakkaplantna með geispu. Fannst krökkunum (og sumum hinna fullorðnu!) geispan vera hið merkilegasta áhald. Voru krakkarnir dugleg að setja niður og voru yngri krakkarnir síst minna dugleg við það en þeir eldri, þótt sum væru ekki svo mikið hærri en geispan!

Netfangaleikur Laufblaðsins

Á vormánuðum var efnt til Netfangaleiks Laufblaðsins, eins og verið hefur undanfarin ár, en allir félagsmenn skógræktarfélaga sem skráðir voru með virkt netfang voru með í leiknum. Fylgdi áminning um skráningu með félagsskirteini 2016-2017, sem sent var út á vormánuðum.

Þrjú netföng voru dregin út þann 15. maí og hlutu þeir félagsmenn kr. 7.500 í vinning, sem komu sér vonandi vel í ræktunarstarfinu. Vinningshafarnir að þessu sinni voru Guðrún Dröfn Marinósdóttir, Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, Guðbjörg Ásgeirsdóttir, Skógræktarfélagi Grindavíkur og Guðmundur Jónsson, Skógræktarfélagi

Sandvíkurhrepps, sem er eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Árnesinga. Óskar Laufblaðið þeim til hamingju með vinninginn og vonar að féð hafi nýst vinningshöfum vel.

Félagsmönnum skógræktarfélaga er bent á að passa upp á að skráð sé virkt netfang svo að Laufblaðið skili sér til þeirra. Vorið 2017 verður aftur blásið til leiks og þá er eins gott að vera skráður til að eiga möguleika á vinningi!

Skrá má netfang eða athuga með skráningu í síma 551-8150 eða á netfangið rf@skog.is.

Allir lesa Laufblaðið!



Skógræktarfélag Íslands hefur í mörg ár verið með ferfættan tilfallandi móttökustjóra í vinnu, hundinn Depil. Í fyrra bættist svo hundurinn Þjakkur í starfsliðið, en hann mun leysa Depil, sem er orðinn nokkuð aldraður, af hólmi. Nú í ár bættist svo þriðji hundurinn við og er það hún Embla. Á myndinni má sjá ritstjóra Laufblaðsins kynna Emblu blaðið, enda mun hún verða aðstoðarritstjóri þess!

Allir eru hvattir til að senda inn skemmtilega mynd af einhverjum að lesa Laufblaðið. Fyrirsætur mega vera sem fjölbreytilegastar hvað varðar stærð, þyngd, litarhaft, hárþróði, kyn eða tegund! Sendið mynd, nafn ljósmyndara og nafn fyrirsætu til ritstjóra á netfangið rf@skog.is.

(Mynd: HE).

Listalundur í Höfðaskógi

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar fagnar 70 ára afmæli í ár, en félagið var stofnað þann 25. október 1946. Í tilefni afmælisins efndi Skógræktarfélagið til listviðburðar í Höfðaskógi, þar sem um 25 listamenn skópu verk í skóginum. Fékk verkefnið nafnið Listalundur, en öll verkin höfðu skírskotun til skógarins á einn eða annan hátt.

Formleg opnun var haldin laugardaginn 25. júní. Var tekið á móti gestum við bækistöðvar Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og þallar við Kaldárselsveg í Hafnarfirði. Hófst opnunin með ávarpi Jónatans Garðarssonar, formanns Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Að því loknu var haldið til skógar, þar sem gestum gafst tækifæri til að ganga um skóginn og skoða listaverkin undir leiðsögn Steinars Björgvinssonar, framkvæmdastjóra Skógræktarfélagsins. Einnig gátu gestir gengið um skóginn á eigin vegum, skoðað verkin og rætt við listamennina, en þeir voru við sín verk.

Auk listaverkanna var boðið upp á ljóðalestur í skóginum, þar sem Kristján Hreinsson flutti ljóð. Göngunni lauk svo með grillveislu við Selið, höfuðstöðvar Skógræktarfélagsins. Nutu gestir þess að gæða sér á veitingunum og hlusta á ljúfa tónlist, en bæði Myrra Rós og Marteinn Sindri Jónsson fluttu nokkur lög. Einnig var boðið upp á sýningu eldgleypa.



Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, flytur ávarp við upphaf viðburðarins (Mynd: RF).



Það var ekki bara mannfólk sem mætti á listasýninguna, ferfættu fjölskyldumeðlimirnir gátu líka verið með og skoðað. Þetta listaverk vakti sérstaka athygli hjá henni Emblu, sem hefði alveg verið til í að skoða verkið nánar en hún fékk að gera! Verkið heitir „Perla í Paradís“ og er eftir Helga Klaus Pálsson (Mynd: RF).



Að ofan. Fólk hefur um árþúsundir séð andlit í steinum, gróðri og landslagi. Hér var það hins vegar ekki náttúran sem var að verki að búa til þessi andlit í jörðinni, heldur listamaðurinn Tómas Freyr Þorgeirsson. Verkið heitir „C14“ (Mynd: RF).

T.h. Berglind Björgúlfsdóttir og Arngunnur Ýr eiga heiðurinn af þessu verki sem kallast „Seiðandi mandala“. Í verkið var nær eingöngu notaður efniviður úr nágrenninu - víður, könglar, blóm, mosi og fjaðrir (Mynd: RF).





Þessa gripandi skógaranda mátti finna í nýgrisjuðum lundi, en þar hengu andlit úr ýmsum skógarefnið í hring. Listaverkið „Ráðstefna andanna“ eftir Antonia Rath og Isabella Praher (Mynd: RF).



T.v. Þegar minnst er á efnivið úr skógi verður flestum líklega hugsað til viðar. Það má hins vegar finna ýmislegt annað í og við skógin. Hér hafa þær Júlíana Einarsdóttir og Hrönn Óskarsdóttir nýtt krónublöð lúpínu og hin „hærðu“ fræ fífilsins (biðukollu) til að búa til þetta fallega hreiður, sem situr í skjóli trjáanna. Þar sem orðið hreiður kallar fram hugmynd um eitthvað viðkvæmt og mjúkt, er þessi efnisnotkun sérlega skemmtileg og viðeigandi. Verkið heitir einfaldlega „Hreiðrið“ (Mynd: RF).



T.h. Timbur og tágar hafa verið notaðar til að búa til báta og önnur siglingatæki í árbúsundir. Má því segja að þessi bátur sem „siglir“ upp úr jörðinni feli í sér ákveðna tilvísun til sögunnar. Hér er líka skemmtileg tenging við umhverfið, en þetta listaverk er nálægt vatnsbakkanum á Hvaleyrarvatni. Í víðara samhengi má líka hugsa sér tengsl við bæjarfélagið, en Hafnarfjörður hefur sterka tengingu við sjósókn og siglingar. Listaverkið heitir „Breyta“ og er eftir Ingunn Helgerud og Bente Navestad (Mynd: RF).

Fundur European Forest Network í Litháen

European Forest Network eru óformleg samtök skógræktarfélaganna í Evrópu og er megin áhersla þeirra að skiptast á upplýsingum um hina ýmsu þætti skógræktar í viðkomandi löndum. Aðildarlönd skiptast á að halda ársfund samtakanna og var fundurinn í ár haldinn rétt fyrir utan Vilnius í Litháen og var skógræktarfélagið í Litháen (*Lietuvos Miškininkų Sąjunga*) gestgjafi fundarins.


Fundur hófst miðvikudaginn 29. júní. Fulltrúar þeirra landa sem mætt voru fluttu erindi með yfirliti yfir það helsta í starfsemi viðkomandi stofnana og í skógrækt í viðkomandi landi. Einnig var fjallað sérstaklega um útivist í skógum, sem var þema fundarins. Mættir voru fulltrúar frá Austurríki, Eistlandi, Íslandi, Litháen, Skotlandi, Svíþjóð og Þýskalandi. Næstu dagar fóru svo í kynnisferðir. Meðal þeirra staða sem heimsóttir voru var Dzūkija þjóðgarðurinn (sá stærsti í Litháen), Grūtas Park safnið, heilsubærinn Druskininkai og höfuðstöðvar ríkisskógræktarinnar í héraðinu, þar sem heimsótt var bæmistöð skógareldvarna, gróðrarstöð og skoðaður fræðslustígur í skógi, auk þess sem höfuðborgin Vilnius var heimsótt.



Hefðbundin timburhús í Trakai. Þrír gluggar á gaffli er ákveðið einkenni á húsum í bænum - einn gluggi fyrir Guð, einn gluggi fyrir hertogann af Litháen og einn gluggi fyrir fjölskylduna í húsinu (Mynd: RF).



Maurice Rogers, fulltrúi Skotlands, segir frá því helsta í gangi í skógrækt í Skotlandi. Töluvert var rætt um áhrif mögulegrar útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu á skógrækt í Skotlandi (Mynd: RF).



Miðstöð varna skógarelda hjá ríkisskógræktinni í Litháen. Í skógunum er búið að koma upp neti myndavéla. Vaktmaður í miðstöð getur tengst vélunum og fylgst með hvort sjáist til skógarelds eða grunsamlegs reyks og kallað út slökkvilið ef á þarf að halda, en ríkisskógræktin rekur sjálf slökkvilið yfir sumartímann (Mynd: RF).

T.h. Fundargestir í Čepkeliai verndarsvæðinu í Dzūkija þjóðgarðinum. Innan verndarsvæðisins er stórt votlendi sem ekki er heimilt að ganga um og því hefur verið komið upp góðum útsýnisturni til að geta horft yfir svæðið og leggja plankastiga í útjaðri þess til að hlífa gróðri og jarðvegi (Mynd: RF).



Heimsókn til Skógræktarfélags Rangæinga

Stjórn og starfsmenn Skógræktarfélags Íslands heimsóttu Skógræktarfélag Rangæinga þann 26. maí síðast liðinn, en slíkar heimsóknir til skógræktarfélaga eru reglubundinn viðburður hjá stjórn Skógræktarfélags Íslands.

Byrjað var á því að halda til Landgræðsluskógarins í Bolholti, þar sem gestirnir hittu fyrir þær stóllur Sigurbjörgu Elimarsdóttur, gjaldkera Skógræktarfélags Rangæinga og Sigríði Heiðmundsdóttur, fyrrverandi formann félagsins og núverandi varamann í stjórn Skógræktarfélags Íslands. Var haldið í gönguferð um skóginn, undir leiðsögn Sigríðar. Ræktun í Bolholti hófst snemma á 10. áratug síðustu aldar og er þar nú vaxinn hinn fállegasti skógur. Er það mikill munur frá því landslagi sem var fyrir, en þarna á svæðinu var lítt gróinn sandur með melgresishólum þegar gróðursetning trjágróðurs hófst.

Frá Bolholti var haldið til skógarins á Gaddstöðum, þar sem gestirnir hittu formann Skógræktarfélags Rangæinga, Jón Ragnar Örlygsson. Á Gaddstöðum er einn af fimm svokölluðum Aldamótaskógum. Í tilefni þúsaldamóta og 70 ára afmæla Skógræktarfélags Íslands og Búnaðarbanka Íslands var ákveðið að stofna til Aldamótaskóga á fimm svæðum á landinu, einu í hverjum landshluta og voru árið 2000 gróðursettar samtals um 280 þúsundir skógarplantna í þeim skógum, einni plöntu fyrir hvern Íslending á þeim tíma. Vel hefur tekist til við ræktunina á Gaddstöðum og er nú, 16 árum síðar, að vaxa þar upp hinn myndarlegasti skógur, sem mun án efa verða vinsælt útivistarsvæði í framtíðinni. Þar sem veður var heldur leiðinlegt þennan dag, þar sem gekk á með bæði roki og rigningu, var látið nægja að gera stutt stopp á Gaddstöðum.



Gengið um Bolholtsskóg í rigningunni (Mynd: RF).

Því næst var farið í kaffi á Hellu þar sem stjórnarmenn í Skógræktarfélagi Rangæinga ræddu hin ýmsu málefni félagsins við gestina frá Skógræktarfélagi Íslands.

Síðasti viðkomustaður ferðarinnar var svo skógurinn í Ásabrekku í Ásahreppi, en hann var gerður Opinn skógur árið 2009. Þótt skógurinn í Ásabrekku sé ekki stór að flatarmáli er mjög gaman að koma við í honum, því þar má finna fjölbreyttan trjágróður og skemmtilegt landslag. Er hann reyndar upplagður viðkomustaður fyrir þá sem vilja viðra sig út í skógi en treysta sér ekki í langar göngur, því um skóginn liggur mjög þægileg tæplega 500 m hringleið.

Ferðir sem þessar eru mikilvægur þáttur í starfi Skógræktarfélags Íslands. Þær gefa félaginu góða innsýn í starf aðildarfélaganna, hin margvíslegu verkefni og mismunandi aðstæður sem þau kljást við og þann árangur sem skógræktarfélögin hafa náð.

Barnahornið - lausn gátu í 1. tbl. Laufblaðsins 2016



Sjálfboðaliðar hjá Skógræktarfélagi Íslands

Skógræktarfélag Íslands hefur um árabíl verið með sjálfboðaliða í vinnu, en iðulega í stuttan tíma í einu (1-2 vikur). Í fyrra varð breyting þar á, þegar félagið varð viðurkenndur gestgjafi fyrir sjálfboðaliða undir hatti European Volunteer Service (EVS), en innan þess getur ungt fólk í Evrópu gerst sjálfboðaliðar í 2-12 mánuði. Er EVS hluti Erasmus+ verkefnis Evrópusambandsins. Sumarið 2015 komu því í fyrsta sinn sjálfboðaliðar til starfa til lengri tíma og var þar um að ræða fimm sjálfboðaliða, sem voru alls fimm mánuði hjá félaginu.

Nú í sumar kom svo annað fimm manna teymi sjálfboðaliða til starfa hjá félaginu, einnig til fimm mánaða (maí til september) og koma þau að þessu sinni frá Austurríki, Spáni, Ítalíu og Póllandi. Hafa sjálfboðaliðarnir fengist við ýmis verkefni hjá félaginu svo sem gróðursetningu, girðingarvinnu, stígagerð og almenna umhirðu í skógum. Grunnbúðir sjálfboðaliðanna eru á Úlfjótssvatni, sem Skógræktarfélag Íslands á með skátahreyfingunni, en einnig hafa þau farið í styttri tíma til nokkurra aðildarféлага til vinnu þar sem þeim hefur gefist tækifæri til að kynnst svæðum á landinu sem þau hefðu ella kannski ekki séð.



Hver sjálfboðaliði hefur leiðbeinanda (mentor) á meðan á dvölinni stendur. Stuttu eftir að sjálfboðaliðarnir komu til landsins hittu hluti leiðbeinandanna og starfsfólks Skógræktarfélags Íslands hópinn til að kynnst. F.v. (standandi) Paul frá Austurríki, Leonardo frá Ítalíu, Jón Ásgeir flokkstjóri, Hrefna frá Skógræktarfélagi Íslands, Irene frá Spáni, Ragnhildur leiðbeinandi. Sitjandi: Stefanie frá Austurríki, Magdalena frá Póllandi, Laufey leiðbeinandi og Jens leiðbeinandi (Mynd: RF).



Skógarferð til Bresku-Kólumbíu 2017

Skógræktarfélag Íslands hefur um áráraðir staðið fyrir fræðsluferðum á erlenda grund, til að fræðast um skóga og skógartengd málefni viðkomandi lands. Ferð ársins 2017 er nú í undirbúningi og er stefnan tekin vestur um haf, til Bresku-Kólumbíu í Kanada.

Eins og verið hefur verður blandað saman skógartengdri fræðslu og almennri skoðun á náttúru, sögu og menningu viðkomandi svæðis. Fyrirhugað er að fara um miðjan september. Ekið verður um hið stórbrotna landslag Klettafjallanna, farið til Vancouver Island eyjunnar og höfuðborg fylkisins, Victoria, heimsótt.

Hægt er að skrá sig strax á áhugalista fyrir ferðina til að fá nánari upplýsingar um hana um leið og þær liggja fyrir. Hafið samband við Skógræktarfélag Íslands, á netfangið skog@skog.is eða í síma 551-8150.

Svipmyndir skógræktar



T.v. Skógræktarfélög víða um land standa fyrir hinum ýmsu viðburðum á sumrin og eru skógargöngur þar einna vinsælastar. Skógræktarfélag Mosfellsbæjar stóð fyrir göngu um Þormóðsdal nú síðla í júní. Gróðursetning þar hófst 1986 og hafa verið gróðursettar um 150 þúsund plöntur frá þeim tíma. Er þar nú að vaxa hinn myndarlegasti skógur upp úr lúpínu-breidunum á svæðinu, eins og sjá má (Mynd: RF).



T.h. Mánudaginn 11. júlí gróðursettu nokkrir stjórnarmenn Skógræktarfélags Akraness berja- og ávaxtatré við Einbúann við Þjóðveginn og í Slögu. Alls voru sett niður 20 eplatré, 5 kirsiberjatré og 5 hindberjarunnar. Jón Guðmundsson garðyrkjufræðingur valdi trén og stýrði gróðursetningunni, en hann er landsþekktur fyrir gróðursetningu berja- og ávaxtatréa á stöðum sem ólíklegir þykja fyrir slík tré. Á myndinni má sjá Jón að störfum (Mynd: Bjarni O.V. Þóroddsson).



T.v. Skógar skógræktarfélaganna eru nýttir við hin ýmsu tækifæri. Í júlí í ár var til dæmis hluti af keppninni um Vestfjarðavikinginn haldinn í Opna skóginum í Tröð á Hellissandi, en þar kepptu kraftajötnar í réttstöðulyftu og uxagöngu. Eins og sjá má myndar skógurinn fallega umgjörð um keppnina. Var keppnin hluti af dagskrá Sandara- og Rífsaragleði, en sú hátíð er haldin annað hvert ár (Mynd: Lydía Rafnsdóttir).



T.h. Það er að ýmsu að huga á sumrin hjá skógræktarfélögum. Stjórnin hjá Skógræktarfélagi Suður-Þingeyinga hittist nú í sumar til að taka aðeins til hendinni í Fossselsskógi, en þar er hinn finasti útivistarskógur. Á myndinni má sjá stjórn félagsins við Geirasel í Fossselsskógi, þau (f.v.) Atla Jespersen, Dag Jóhannesson, Ketil Tryggvason, Hildigunni Jónsdóttir og Agnesi Þórunni Guðbergsdóttir (Mynd: APG).

T.h. Skógræktarfélag Íslands hefur umsjón með skóginum í Brynjudal í Hvalfirði. Auk þess að rækta þar jólatré hefur félagið smátt og smátt verið að byggja upp og bæta aðstöðu til útivistar í skóginum. Þar má nú finna upplýsingaskilti, tvö skógarhýsi sem koma sér vel fyrir jólin, þegar hundruðir gesta koma til að sækja sér jólatré og þrautabraut fyrir yngri kynslóðina. Undanfarin ár hefur svo sérstaklega verið unnið í að bæta við göngustígum. Var nú í sumar nýttur viður sem féll til við grisjun í skóginum í kurl í hluta göngustíganna, sem gerir þá bæði greinilegri og þægilegri göngu (Mynd: EG).



Það læra börnin...

Eitt af þekktustu íslensku máltækjunum er „Það læra börnin sem fyrir þeim er haft“. Er mikill sannleikur fólgin í þessu og verðum við í skógargeiranum töluvert vör við þetta. Þótt meðalaldur í skógræktarfélögunum sé kannski heldur í hærri kantinum (eins og gildir raunar um ýmis félög í þriðja geiranum svokallaða), er það svo að ef rætt er við fólkið í félögunum þá liggja rætur áhuga þess á skógum og skógrækt mjög oft aftur í barnæsku. Margir félaga okkar eiga minningar um að hafa verið að skottast um móa með pabba og mömmu, eða afa og ömmu, með plöntur sem verið var að pota niður. Þótt áhugamálin og störfin verði svo kannski önnur þegar fullorðinsárunum er náð er þessi upplifun úr barnæskunni samt sem áður hluti af viðkomandi og getur ræktunaráhuginn oft brotist fram löngu síðar. Krakkin sem hljóp um móana áður fyrr verður síðar pabbinn og mamman, eða afinn og amman, sem stússast í ræktun með næstu kynslóð.



Hjálpast að við gróðursetninguna (Mynd: RF).

Víða erlendis, þar sem skógar eru stærri og útbreiddari en hérlandis og því ríkari hluti af landslagi og menningu viðkomandi lands, er lögð töluvert áhersla á að kenna yngri kynslóðinni um og inn á skóga. Finna má dæmi um mörg áhugaverð verkefni þar sem tengsl barna við tré og skóga eru ræktuð. Á Norðurlöndunum er til dæmis löng hefð fyrir útínámi í skógum – *Skolen i Skogan* hefst til dæmis í Svíþjóð þegar árið 1973. Í Danmörku eru *Skoven i Skolen* og *Udeskole.dk* verkefnið og í Noregi *Lære med skogen*. Verkefnið á Norðurlöndunum fæddu svo af sér alþjóðaverkefnið LEAF (*Learning About Forests*), sem var formlega sett á laggirnar árið 2000 og er undir hatti FEE samtakanna (*Foundation for Environmental Education*). Hér á Íslandi hefur þessi hugmyndafræði um útiskóla líka náð að hasla sér völl og voru árið 2007 stofnuð samtök með þetta sem stefnumál – SNÚ, samtök um náttúru- og útiskóla. Í þessu samhengi er líka rétt að



Þótt leikfangaskófla henti kannski ekki til að grafa holuna má alveg nota hana til að dreifa áburði (Mynd: RF).

minna á hlutverk sjóðsins Yrkju – sjóðs æskunnar til ræktunar landsins. Hann var stofnaður árið 1992, fyrir söluhagnað af bókinni Yrkja, sem gefin var út í tilefni 60 ára afmælis Vigdísar Finnbogadóttur og er markmið hans, eins og segir í skipulagsskrá sjóðsins: „... að kosta trjáplöntun íslenskra skólabarna á grunnskólastigi á ári hverju“. Með því var ætlað að kynna mikilvægi skógræktar og ræktunar almennt fyrir unga fólkinu í landinu og ala þannig upp ræktendur framtíðarinnar. Hefur sjóðurinn úthlutað plöntum á hverju ári síðan og hafa undanfarin ár um 100 skólar á landinu tekið þátt í gróðursetningu Yrkjuplantna á hverju ári.

Annað áhugavert verkefni er *Young People in European Forests* (YPEF), sem spratt upp úr ráðstefnu sem haldin var í Póllandi árið 2009. Snýst það um keppni milli landa í fróðleik um skóga, þar sem bæði þarf að svara spurningum, leysa þrautir úti í skógi og búa til kynningarplaköt. eru keppendur á aldrinum 13-20 ára og keppa í þriggja manna liðum. Haldin er undankeppni í hverju landi fyrir sig og taka vinningshafar landskeppninnar svo þátt í Evrópukeppni í framhaldinu, þar sem stokkað er upp á nýtt í lið, þannig að í hverju liði sé bara einn frá hverju landi. Þótt þessi keppni sé ung að árum er hún alltaf að eflast og dafnast og taka nú orðið 15 lönd í Evrópu þátt í henni. Væri áhugavert að sjá hvort hægt væri að bæta Íslandi á þann lista.

Eitt áhugaverðasta verkefnið sem tengir ungt fólk og skóga, er kannski *Plant for the Planet* verkefnið. Árið 2007 fékk 9 ára þýskur drengur að nafni Felix Finkbeiner úthlutað því verkefni í skólanum, að skrifa ritgerð um loftslagsbreytingar. Þegar Felix var að lesa sér til rakst hann á frétt um Wangari Maathai frá Kenýa, sem fékk friðarverðlaun Nóbels fyrir starf sitt að „Grænabeltis-hreyfingunni“ (*Green Belt Movement*) í Afríku, en innan hennar hafa yfir 30 milljón tré verið gróðursett. Út frá þessu kviknaði sú hugmynd hjá Felix

að krakkar gætu tekið hana sér til fyrirmyndar og gróðursett 1 milljón trjáplantna í hverju landi á jörðinni og þannig hjálpað til við að vega upp á móti kolefnislosun í heiminum, á meðan fullorðna fólkið væri enn að rifast um loftslagsmál og ræða hvað ætti að gera. Upp úr þessu spratt alþjóðahreyfing krakka, með einfalt slagorð: *Hættu að tala – byrjaðu að gróðursetja* (*Stop talking – Start planting*). Eru plaköt tengd herferðinni nokkuð þekkt, en á þeim sést Felix með hinum og þessum þekktum einstaklingum, þar sem hann heldur fyrir munninn á þeim. Er árangur þessa verkefnis eftirtektarverður, en það tók til dæmis aðeins þrjú ár að ná 1 milljón trjáa takmarkinu í heimalandi Felix, Þýskalandi. Takmark verkefnisins fyrir 2020 er nú að planta 1 milljarði trjáa á heimsvísu.

Í heimi þar sem ein mesta yfirvofandi vá eru loftslagsbreytingar og almennt er viðurkennt meðal vísindamanna að skógar spili stórt hlutverk í því að draga úr áhrifum breytinganna, eru tengsl skóga og krakka sérlega mikilvæg. Þau eru kynslóðin sem þarf að takast af fullum þunga á við áhrif loftslagsbreytinganna. Því



Maður þarf ekki að vera hár í loftinu til að geta hjálpað til við gróðursetninguna (Mynd: RF).

skiptir miklu máli að þau læri snemma hið mikilvæga hlutverk trjágróðurs og skóga og tileinki sér snemma virðingu fyrir skógum. Öll fræðsla um skóga, allt sem getur kveikt áhuga krakka á þeim, þótt ekki séu nema göngutúrar í skóginum á góðum degi, skipta þar máli.

Skógarleikar á Heiðmörk

Skógræktarfélag Reykjavíkur stóð í fyrsta sinn fyrir Skógarleikum á Heiðmörk fyrir alla fjölskylduna sumarið 2015, en slíkir leikar eru vel þekktir víða erlendis og eiga sér fordæmi hér á landi í keppnum á Skógardeginum mikla, sem haldinn hefur verið árlega um nokkurra ára skeið á Hallormsstað. Tókust Skógarleikarnir 2015 svo vel að ákveðið var að halda þá aftur nú í júlí, í Furulundi í Heiðmörk. Á Skógarleikum er efnt til keppni í ýmsum hefðbundnum skógargreinum og var á leikunum í Heiðmörk keppt í axarkasti, afkvistun trjábola, trjáfellingu, bolakappi og trjáklifri. Gestum var einnig boðið upp á grillaðar pylsur og ketilkaffi, auk þess sem yngri kynslóðin nýtti sér vel leiktækin í Furulundi, en þar má finna margvíslega leikaðstöðu, meðal annars borðtennisborð.

Vel viðraði til þessara skógarleika og var góð mæting, en alls mættu á annað hundrað manns til að fylgjast með keppninni, fá sér hressingu og njóta útiverunnar í góða veðrinu.

Efst t.h. Keppni í trjáfellingu í fullum gangi. Hér þurfti stofninn að falla sem næst merktum punkti.

Mið t.h. Ein af nýjungunum sem boðið var upp á í ár var kennsla í tálgun. Valdór Bóasson tálgunarmeistari leiðbeindi gestum og var mjög vinsælt meðal yngri kynslóðarinnar sérstaklega að fá að spreyta sig á tálgun.

Neðst th. Ketilkaffi er alltaf vinsælt á samkomum skógarmanna, enda kaffið gott.

(Allar myndir: BJ).



Svipmyndir skógræktar



Eitt af aðildarfélögum Skógræktarfélags Íslands er Skógræktarfélagið Dafnar, sem er félag skógræktarnema við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Dafnar kikti í heimsókn til Skógræktarfélags Íslands í skóginn í Brynjudal í Hvalfirði, þar sem Skógræktarfélag Íslands stundar meðal annars ræktun jólatrjáa.

Var gengið með gestina um skóginn, sýndir helstu innviðir þar (stígar og skógarhýsi) og sagt frá ræktuninni. Heimsókninni lauk svo á hressingu – pylsum grilluðum yfir opnum eldi (Mynd: RF).

Það er ýmislegt sem leynist í skógunum. Þetta fallega hreiður með eggjum skógarsnípu fannst í skóginum í Brynjudal nú í sumar. Er það í fyrsta sinn svo vitað sé að skógarsnípa verpir í Brynjudalnum, enda ekki nema rúmur áratugur síðan varp skógarsnípu var staðfest í fyrsta sinn á Íslandi.

Voru starfsmenn Skógræktarfélags Íslands nokkuð spenntir fyrir þessum mögulegu nýbúum í skógi félagsins og hlökkðu til sjá ungana skriða úr eggjum. Því miður kom í ljós þegar hreiðursins var vitjað síðar að einhver vargur hafði verið þar á ferð og verða því ekki ungar þetta árið (Mynd: JÁJ).

Barnahornið

Á MYNDUNUM ERU TÍU ATRÍÐI EKKI EINS Á BÁÐUM MYNDUNUM. FINNIÐ ÖLL TÍU!

